

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/35

frá 15. febrúar 2005

um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna markaðsskráðra félaga svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir) (*)

(2005/162/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlitð 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu, sem var samþykkt 21. maí 2003, setti framkvæmdastjórnin fram aðgerðaáætlun sína „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu – Áætlun um þróun“⁽¹⁾. Helstu markmið með aðgerðaáætluninni eru þau að auka réttindi og vernd hluthafa og starfsmanna, lánardrottna og annarra aðila, sem félög hafa samskipti við, ásamt því að laga reglur um félagarétt og reglur um stjórnarhætti í fyrirtækjum að mismunandi flokkum félaga og að stuðla að skilvirkni og samkeppnishæfni fyrirtækja, að teknu sérstöku tilliti til tiltekinna málefna sem ná yfir landamæri.
- 2) Í ályktun sinni frá 21. apríl 2004 fagnaði Evrópuþingið aðgerðaáætluninni og lýsti eindregnum stuðningi við flest framtaksverkefni sem voru kynnt. Evrópuþingið fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði til reglur um að uppræta og koma í veg fyrir hagsmunarárekstra og lagði einkum áherslu á nauðsyn þess að í markaðsskráðum félögum væri endurskoðunarnefnd sem hefði m.a. það hlutverk að hafa umsjón með óhæði, hlutlægni og skilvirkni utanaðkomandi endurskoðenda.
- 3) Stjórnarmenn, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmenn eru ráðnir til starfa hjá félögum í margs konar tilgangi. Hlutverk þeirra er einkum að hafa eftirlit með starfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna sem eru framkvæmdastjórar og bregðast við aðstæðum sem tengjast hagsmunarárekstrum. Afar mikilvægt er að

styrkja þetta hlutverk til að endurheimta tiltrú á fjármálamörkuðum. Aðildarríkin skulu því hvött til að samþykkja ráðstafanir sem eiga að gilda um markaðsskráð félög, sem eru skilgreind sem félög sem eiga verðbréf sem skráð hafa verið á skipulegum markaði í Bandalaginu. Aðildarríkin skulu taka tillit til sérstöðu fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga, við framkvæmd þessara tilmæla og skulu koma í veg fyrir að ólíkum tegundum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sé mismunad að nauðsynjalausu. Að því er varðar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum⁽²⁾ er þegar kveðið á um sérstakar reglur um stjórnarhætti þeirra. Til að koma í veg fyrir óþarfa mismun þessara fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga og falla ekki undir samræmingu á vettvangi Bandalagsins, skulu aðildarríkin taka tillit til þess hvort og að hvaða marki þessi fyrirtæki, sem lúta ekki samræmingu, falla undir jafngildar reglur um stjórnarhætti.

- 4) Í ljósi þess hve flókin mörg þau mál eru, sem um er að ræða, er ekki endilega æskilegt og kemur ekki að gagni að samþykkja nákvæmar, bindandi reglur til að ná fram settum markmiðum. Til að hvetja til þess að farið sé að reglum um stjórnarhætti, sem eru samþykktar í aðildarríkjum, er stuðst við birtingu upplýsinga við gerð þeirra og byggt á aðferðinni „að uppfylla eða útskýra“ og félög hvött til að upplýsa hvort þau uppfylli regluna og til að útskýra veruleg frávik frá henni. Þessi aðferð gerir félögum kleift að uppfylla kröfur, sem eru bundnar við ákveðnar greinar og fyrirtæki, og mörkuðum að meta skýringar og rök sem látin eru í té. Því er rétt, í því skyni að styrkja hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna, að hvetja öll aðildarríki til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að kynna, í einstökum löndum, ákvæði sem byggjast á meginreglunum í þessum tilmælum sem markaðsskráð félög eiga annaðhvort að nota á grundvelli aðferðarinnar „að uppfylla eða útskýra“ eða samkvæmt viðkomandi löggjöf.
- 5) Ef aðildarríki ákveður að nota aðferðina „að uppfylla eða útskýra“ (þar sem krafist er að félög útskýri starfsvenjur sínar með tilvísun til tiltekinna tilmæla um bestu starfsvenjur) skal því frjálst að gera svo á grundvelli viðkomandi tilmæla sem markaðsaðilar hafa þróað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 31.

(¹) COM(2003) 284, lokaútgáfa.

(²) Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/39/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

- 6) Allar ráðstafanir, sem aðildarríkin hafa samþykkt í samræmi við þessi tilmæli, eiga fyrst og fremst að miða að því að bæta stjórnarhætti í markaðsskráðum félögum. Þar eð markmiðið skiptir máli fyrir raunverulega eða hugsanlega vernd fjárfesta í öllum félögum sem eru markaðsskráð í Bandalaginu, hvort sem þau hafa réttarstöðu lögaðila í einhverju aðildarríkjunna eða ekki, skulu ráðstafanirnar einnig eiga við um félög sem hafa réttarstöðu lögaðila í þriðju löndum en eru markaðsskráð í Bandalaginu.
- 7) Almennt er talið að seta óháðra fulltrúa í stjórninni, sem geta vefengt ákvarðanir framkvæmdastjórnar, sé leið til að vernda hagsmuni hluthafa og annarra hagsmunaaðila. Í félögum með dreifða eignaraðild er megináhyggjuefnið hvernig gera megi stjórnendur ábyrgja gagnvart litlum hluthöfum. Í félögum með ráðandi hluthafa er meiri áhersla lögð á það hvernig unnt er að tryggja að félagið verði rekið þannig að nægilegt tillit verði tekið til hagsmuna hluthafa í minnihluta. Í báðum tilvikum er mikilvægt að tryggja fullnægjandi vernd fyrir þriðju aðila. Hver svo sem formleg gerð stjórnar félagsins er skulu stjórnarstörf vera háð skilvirkri og nægilega óháðu eftirliti. Sá skilningur skal lagður í óhæði að ekki sé um að ræða neins konar hagsmunaárekstra, sem máli skipta, og í tengslum við það skal gefa nægilega góðan gaum að hvers konar ógnun, sem gæti stafað af því að fulltrúi í stjórninni hefði nán tengsl við keppinaut félagsins.
- 8) Til að tryggja að skilvirkt og nægilega óháð eftirlit sé haft með stjórnarstörfum skal stjórnin (eftirlitsstjórnin) hafa á að skipa nægilegum fjölda stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna sem taka ekki þátt í daglegri stjórn félagsins eða samstæðunnar sem það er hluti af og sem eru óháðir að því leyti að mikilvægir hagsmunir stangist ekki á við störf þeirra. Að teknu tilliti til þess að mismunandi réttarkerfi eru til staðar í aðildarríkjunum skal ekki tilgreina nákvæmlega hvert eigi að vera hlutfall þeirra stjórnarmanna (eftirlitsstjórnarmanna) sem skulu vera óháðir á vettvangi Bandalagsins.
- 9) Almennt séð er litið svo á að eftirlitshlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna hafi úrslitapýðingu á þremur sviðum þar sem mikil hætta er á hagsmunaárekstrum í stjórninni, einkum þegar slík málefni eru ekki á beina ábyrgð hluthafa: tilnefning stjórnarmanna, ákvörðun starfskjara stjórnarmanna og endurskoðun. Því þykir rétt að styrkja hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna á þessum sviðum og hvetja til þess að komið verði á fót nefndum innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) sem eru ábyrgar fyrir tilnefningu, ákvörðun starfskjara og endurskoðun.
- 10) Að jafnaði, og með fyrirvara um völd hluthafafundar, hefur einungis stjórnin (eftirlitsstjórnin) í heild umboð til að taka lögboðnar ákvarðanir og er, sem hópur, sameiginlega ábyrg fyrir skyldustörfum sínum. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur umboð til að ákvarða fjölda og samsetningu nefndanna á þann hátt sem hún telur viðeigandi til að auðvelda störf sín en þessar nefndir eiga að jafnaði ekki að koma í stað stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) sjálfrar. Að jafnaði skulu tilnefningar-, starfskjara- og endurskoðunarnefndir leggja fram tilmæli sem miða að því að undirbúa ákvarðanir sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) tekur. Ekki ætti þó að útiloka að stjórnin (eftirlitsstjórnin) geti falið nefndum hluta af ákvörðunarvaldi sínu þegar hún telur það viðeigandi og þegar það er leyfilegt samkvæmt landslögum, jafnvel þótt stjórnin (eftirlitsstjórnin) beri fulla ábyrgð á ákvarðanatöku á sínu valdssviði.
- 11) Þar sem tilnefning umsækjenda í lausar stöður í einþættum eða tvíþættum stjórnunum vekja upp spurningar um val á stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmönnum sem eiga að hafa umsjón með framkvæmdastjórninni eða um áframhaldandi setu hennar skal tilnefningarnefndin aðallega skipuð óháðum stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmönnum. Þar með er mögulegt að í tilnefningarnefndinni verði stjórnarmenn, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmenn sem uppfylla ekki viðmiðanir um óhæði. Það myndi einnig hafa í för með sér að í nefndinni gætu mögulega setið framkvæmdastjórar og stjórnarmenn sem eru framkvæmdastjórar (í félögum þar sem tilnefningarnefndinni er komið á fót innan einþættrar stjórnar og svo framarlega sem framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, sem eru framkvæmdastjórar, eru ekki í meiri hluta í þessari nefnd).
- 12) Þar eð afstaða aðildarríkjunna er mismunandi, að því er varðar aðila sem eru ábyrgir fyrir tilnefningu og uppsögn stjórnarmanna, skal meginhlutverk tilnefningarnefndarinnar, sem er komið á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar), felast í að sjá til þess, þar sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur hlutverki að gegna í tilnefningar- og uppsagnarferlinu (annaðhvort í krafti umboðs til að leggja fram tillögur eða til að taka ákvarðanir eins og skilgreint er í landslögum), að þetta hlutverk sé innt af hendi á eins hlutlægan og fagmannlegan hátt og unnt er. Tilnefningarnefndin skal því fyrst og fremst beina tilteknum tilmælum til stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) þegar þar til bær aðili tilnefnir stjórnarmenn eða segir þeim upp samkvæmt félagarétti viðkomandi lands.

- 13) Að því er varðar starfskjör er hætt við að í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem hafa verið samþykktar í aðildarríkjunum, sé aðallega lögð áhersla á starfskjör framkvæmdastjóra og stjórnarmanna sem eru framkvæmdastjórar því þar kann að vera mesta hættan á misnotkun og hagsmunaárekstrum. Í mörgum reglum er einnig viðurkennt að stjórnin skuli láta sig varða starfskjarastefnu yfirstjórnar. Að lokum er einnig lögð áhersla á nýtingu kaup-/söluréttar hlutabréfa. Þar eð afstaða aðildarríkjanna er mismunandi, að því er varðar aðila sem eru ábyrgir fyrir að ákvarða starfskjör stjórnarmanna, skal meginhlutverk tilnefninga-nefndarinnar, sem er komið á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar), felast í að sjá til þess, þar sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur hlutverki að gegna í ákvörðunarferli starfskjara (annaðhvort í krafti umboðs til að leggja fram tillögur eða til að taka ákvarðanir eins og skilgreint er í landslögum) að þetta hlutverk sé innt af hendi á eins hlutlægan og fagmannlegan hátt og unnt er. Starfskjaranefndin skal því aðallega beina tilmælum til stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) þegar þar til bær aðili tekur ákvörðun um málefni sem snerta starfskjör samkvæmt félagarétti viðkomandi lands.
- 14) Meginverkefni stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) er annars vegar að tryggja að í fjárhagsskýrslum og öðrum tengdum upplýsingum, sem félagið dreifir, komi fram nákvæm og heildstæð mynd af stöðu félagsins og hins vegar að hafa eftirlit með málsmeðferð sem er ákvörðuð fyrir áhættumat og áhættustjórnun. Í þessu sambandi er endurskoðunarnefnd falið, í flestum reglum um stjórnunarhætti fyrirtækja, það mikilvæga hlutverk að aðstoða stjórnina (eftirlitsstjórnina) við þessi skyldustörf. Í sumum aðildarríkjunum eru slík skyldustörf, að hluta eða að öllu leyti, falin öðrum félögum sem standa utan stjórnar (eftirlitsstjórnar). Því er rétt að kveða á um að endurskoðunarnefnd, sem komið er á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar), skuli að jafnaði beina tilmælum til stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) um málefni sem snerta endurskoðun og að aðrar stofnanir sem standa utan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar), megi inna þessi verkefni af hendi sem gæti reynst jafnárangursríkt.
- 15) Til að stjórnarmenn, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmenn geti sinnt hlutverki sínu á áhrifaríkan hátt þurfa þeir að hafa viðeigandi menntun og hæfi og nægilegan tíma til að sinna starfinu. Auk þess skulu nægilega margir þeirra uppfylla viðeigandi viðmiðanir um óhæði. Áður en stjórnarmenn, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmenn eru tilnefndir skal veita fullnægjandi upplýsingar um þessi málefni og skulu þær uppfærðar með reglulegu millibili.
- 16) Að því er varðar menntun og hæfi stjórnarmanna er, í flestum reglum um stjórnarhætti fyrirtækja, lögð áhersla á að nauðsynlegt sé að hafa menntaða og hæfa einstaklinga í stjórn en jafnframt er viðurkennt að það er fyrirtækisins að ákveða hvernig eigi að skilgreina viðunandi menntun og hæfi þar eð slík skilgreining byggist m.a. á starfsemi fyrirtækisins, stærð þess og rekstrarumhverfi og þar eð stjórnin í heild á að uppfylla allar kröfur um menntun og hæfi. Engu að síður veldur eitt atriði töluverðum áhyggjum, þ.e. nauðsyn á sérstakri hæfni í endurskoðunarnefndinni þar sem tiltekin sérþekking er talin ómissandi. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal því ákveða æskilegustu samsetningu endurskoðunarnefndarinnar og meta hana með reglulegu millibili með sérstakri áherslu á nauðsynlega reynslu nefndarmanna.
- 17) Að því er varðar skuldbindingar stjórnarmanna er, í flestum reglum um stjórnarhætti fyrirtækja, reynt að tryggja að stjórnarmenn verji nægilegum tíma til að sinna skyldustörfum sínum. Í sumum þessara reglna er fjöldi þeirra stjórnarstaða í öðrum félögum, sem stjórnarmaður má gegna, takmarkaður. Venjulega er litið svo á að stöður stjórnarformanna, framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna, sem eru framkvæmdastjórar, séu meira krefjandi en stöður stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna en nákvæmur fjöldi annarra viðurkenndra stjórnarstaða sem viðkomandi má gegna er mjög mismunandi. Mjög er þó mismunandi hversu mikillar þátttöku er krafist af stjórnarmönnum og miðast það við viðkomandi félag og starfsumhverfi þess. Við slíkar aðstæður skal hver stjórnarmaður reyna að tryggja eðlilegt jafnvægi milli ýmis konar skuldbindinga.
- 18) Að jafnaði er, í reglum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem hafa verið samþykktar í aðildarríkjunum, lögð áhersla á að tryggja að verulegur hluti stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmanna séu óháðir, þ.e. að mikilvægir hagsmunir stangist ekki á við störf þeirra. Sá skilningur er oftast lagður í óhæði að viðkomandi hafi hvorki náin tengsl við framkvæmdastjórnina, ráðandi hluthafa né félagið sjálft. Þar eð ekki er til nein sameiginleg túlkun á því hvað óhæði felur nákvæmlega í sér, er rétt að semja almenna yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert almenna markmiðið er. Einnig skal gera ráðstafanir (ekki tæmandi) sem taka til þeirra aðstæðna sem endurspegla tengsl eða kringumstæður sem venjulega eru talin geta valdið hagsmunaárekstrum sem máli skipta og sem aðildarríki verða að taka tillit til þegar þau innleiða viðmiðanir fyrir stjórn (eftirlitsstjórn) í viðkomandi landi. Stjórn (eftirlitsstjórn) ákvarðar sjálf hvaða skilning eigi að leggja í óhæði. Þegar stjórnin (eftirlitsstjórnin) beitir viðmiðun um óhæði skal hún leggja meiri áherslu á efni en form.
- 19) Að teknu tilliti til mikilvægis þess hlutverks sem stjórnarmenn, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmenn gegna við að endurheimta traust og almennt að þróa góða stjórnunarhætti fyrirtækja skal fylgjast náið með þeim ráðstöfunum sem eru gerðar til að koma þessum tilmælum í framkvæmd í aðildarríkjunum.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

I. ÞÁTTUR**GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR****1. Gildissvið**

1.1. Aðildarríkin eru hvött til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að setja heildarákvæði í viðkomandi landi um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórnar, eða eftirlitsstjórnarmanna og stjórnarnefndanna (eftirlitsstjórnarnefndanna) sem markaðsskráð félög eiga að nota, annaðhvort með því að beita aðferðinni „að uppfylla eða útskýra“ eða með löggjöf og á þann hátt sem hentar best þeirra réttarkerfi.

Þau skulu taka tilhlýðilegt tillit til sérstöðu fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga, sem fjallað er um í tilskipun 85/611/EBE. Aðildarríkin skulu auk þess taka tillit til sérstöðu fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem eru í formi félaga en ekki er fjallað um í þeirri tilskipun, og eru rekin einvörðungu í þeim tilgangi að fjárfesta með peningum, sem fjárfestar hafa aflað, í ýmis konar eignum en sækjast hvorki eftir lagalegum né stjórnunarlegum yfirláðum yfir útgefendum þeirra fjárfestinga sem að baki liggja.

1.2. Ef aðildarríki ákveður að nota aðferðina „að uppfylla eða útskýra“, þar sem þess er krafist af félögum að þau útskýri starfsvenjur sínar með tilvísun til tiltekinnna tilmæla um bestu starfsvenjur, skal það krefjast þess af félögum að þau tilgreini árlega þau tilmæli sem þau hafa ekki farið að (og, ef um er að ræða tilmæli þar sem kröfurnar gilda allan tímann, á hvaða hluta reikningstímabilsins ekki var farið að tilmælunum) og útskýra vel og nákvæmlega að hve miklu leyti og hvers vegna ekki var farið að tilmælunum.

1.3. Þegar aðildarríkin taka afstöðu til meginreglnanna í þessum tilmælum skulu þau einkum taka tillit til eftirfarandi:

1.3.1. Að því er varðar þau verkefni og hlutverk sem aðildarríkin fela nefndunum, sem komið er á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) og gerð er tillaga um í þessum tilmælum, skulu þau taka tilhlýðilegt tillit til réttinda og skyldna viðkomandi félags samkvæmt landslögum.

1.3.2. Aðildarríkjum skal leyft að velja, að hluta til eða að öllu leyti, á milli þess hvort þau koma á fót, innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar), einhverjum af þeim nefndum sem hafa það hlutverk, sem mælt er með í þessum tilmælum, eða nota annars konar skipulag, sem er utan ramma stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar), eða aðra málsmeðferð. Slíkt skipulag eða málsmeðferð, sem gæti annaðhvort verið skyldubundið fyrir félög samkvæmt landslögum eða bestu starfsvenjum, sem mælt er með í viðkomandi löndum, með því að beita aðferðinni „að uppfylla eða útskýra“, skal vera alveg jafngilt og jafnskilvirkt.

1.4. Að því er varðar markaðsskráð félög, sem hafa réttarstöðu lögaðila í einu af aðildarríkjunum, skulu ákvæðin, sem aðildarríki eiga að innleiða, taka a.m.k. til markaðsskráðra félaga sem hafa réttarstöðu lögaðila á yfirráðasvæði þeirra. Að því er varðar markaðsskráð félög sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila í einu af aðildarríkjunum skulu ákvæðin, sem aðildarríkin eiga að innleiða, taka a.m.k. til markaðsskráðra félaga sem eru með aðalskráningu á skipulegum verðbréfamarkaði á yfirráðasvæði þeirra.

2. Skilgreiningar að því er þessi tilmæli varðar:

2.1. „Markaðsskráð félög“: félög sem hafa fengið verðbréf sín tekin til skráningar á skipulegum markaði í skilningi tilskipunar 2004/39/EB í einu eða fleiri aðildarríkjum.

2.2. „Stjórnarmaður“: aðili sem situr í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn félags.

2.3. „Stjórnarmaður sem er framkvæmdastjóri“: aðili sem situr í stjórn (einþættri stjórn) og tekur þátt í daglegri stjórn félagsins.

2.4. „Stjórnarmaður sem er ekki framkvæmdastjóri“: aðili sem situr í stjórn (einþættri stjórn) félags annar en stjórnarmaður sem er framkvæmdastjóri.

2.5. „Framkvæmdastjóri: aðili sem situr í framkvæmdastjórn (tvíþættri stjórn) félags.“

2.6. „Eftirlitsstjórnarmaður“: aðili sem situr í eftirlitsstjórn (tvíþættri stjórn) félags.

II. ÞÁTTUR

TILVIST OG HLUTVERK STJÓRNARMANNA, SEM ERU EKKI FRAMKVÆMDASTJÓRAR EÐA EFTIRLITSSTJÓRNARMANNA Í STJÓRNUM (EFTIRLITSSTJÓRNUM)

3. Tilvist stjórnarmanna sem eru ekki framkvæmdastjórar eða eftirlitsstjórnarmanna

3.1. Samsetning stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar skal vera þannig að tryggt sé að jafnvægi ríki á milli framkvæmdastjóra og stjórnarmanna, sem eru framkvæmdastjórar, og stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar, og eftirlitsstjórnarmanna þannig að enginn einstaklingur eða líttill hópur einstaklinga geti orðið ráðandi í ákvarðanatöku fyrir hönd þessara aðila.

3.2. Fyrri og núverandi skyldustörf formanns stjórnar (eftirlitsstjórnar) skulu ekki hindra að hann geti annast hlutlægt eftirlit. Ef um er að ræða einþætta stjórn er unnt að tryggja að svo verði með því að halda hlutverkum formanns og aðalframkvæmdastjóra aðgreindum. Ef um er að ræða einþætta og tvíþætta stjórnir er sá möguleiki fyrir hendi að tryggja að aðalframkvæmdastjórin verði ekki tafarlaust formaður stjórnar (eftirlitsstjórnar). Ef félag kys að sameina hlutverk formanns og aðalframkvæmdastjóra eða að tilnefnda fyrri framkvæmdastjóra tafarlaust sem formann stjórnar (eftirlitsstjórnar) skal upplýsa um þær öryggisráðstafanir sem gerðar eru.

4. Fjöldi óháðra stjórnarmanna

Velja skal nægilegan fjölda af óháðum stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmönnum í stjórn (eftirlitsstjórn) félagi til að tryggja að tekið sé á hvers kyns hagsmunaaðrekstrum, sem máli skipta, á viðunandi hátt.

5. Uppbygging stjórnarnefnda

Stjórnir skulu skipulagðar þannig að tryggt sé að í þeim sitji nægilegur fjöldi óháðra stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórar eða eftirlitsstjórnarmanna, sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna á þeim sviðum þar sem hætta á hagsmunaaðrekstrum kann að vera mikil. Í þessu skyni, en með fyrirvara um 7. mgr., skal tilnefningar-, starfskjara- og endurskoðunarnefndum komið á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) þar sem þessi stjórn hefur hlutverki að gegna á sviði tilnefningar, starfskjara og endurskoðunar samkvæmt landslögum, að teknu tilliti til I. viðauka.

6. Hlutverk nefndanna gagnvart stjórninni (eftirlitsstjórninni)

6.1. Tilnefningar-, starfskjara- og endurskoðunarnefndirnar skulu leggja fram tillæti sem miða að því að undirbúa ákvarðanirnar sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) tekur.

Meginmarkmið nefndanna skal vera að auka skilvirkni stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) með því að sjá til þess að ákvarðanir séu teknar að vel athuguðu máli og að aðstoða við að skipuleggja störf hennar í því skyni að koma í veg fyrir að hagsmunaaðrekstrar, sem máli skipta, trufla ákvarðanir sem hún tekur. Nefndum er að jafnaði ekki komið á fót til að færa frá stjórninni (eftirlitsstjórninni) þau verkefni sem eru í hennar verkahring og ber hún áfram fulla ábyrgð á ákvörðunum innan síns valdsviðs.

6.2. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal semja drög að skipunarbréfi hvers konar nefnda. Ef leyfilegt er samkvæmt landslögum að fela einhverjum öðrum ákvörðunarvaldið skal upplýsa það með skýrum hætti, lýsa því á viðunandi hátt og gera þær upplýsingar aðgengilegar á gagnsæjan hátt.

7. Sveigjanleiki við að koma nefndum á fót

7.1. Félög skulu sjá til þess að tilnefningar-, starfskjara- og endurskoðunarnefndir vinni þau verkefni sem þeim hefur verið falið. Félögin mega þó safna verkefnum saman eins og þeim finnst henta og koma á fót færri en þremur nefndum. Í slíkum tilvikum skulu félög útskýra á skýran hátt hvers vegna þau hafa valið aðra aðferð og hvernig viðkomandi aðferð nær markmiðinu sem sett hefur verið fyrir nefndirnar þrjár.

7.2. Í félögum þar sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) er fámenn getur stjórnin (eftirlitsstjórnin) annast verkefni í heild svo fremi að tilskildar kröfur um samsetningu séu uppfylltar og að lagðar séu fram fullnægjandi upplýsingar. Í slíku tilviki skulu ákvæði landslaga um stjórnarnefndir (einkum að því er varðar hlutverk þeirra, starfsemi og gagnsæi) gilda, ef við á, um stjórnina (eftirlitsstjórnina) í heild.

8. Mat stjórnar (eftirlitsstjórnar)

Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal ár hvert leggja mat á vinnuframlag sitt. Þetta felur í sér mat á samsetningu, skipulagi og starfi stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) sem hóps, mat á hæfni og skilvirkni hvers stjórnarmanns og stjórnarnefndanna og mat á því hversu vel stjórnin hefur staðið að því að ná settum markmiðum.

9. Gagnsæi og samskipti

9.1. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal a.m.k. einu sinni á ári birta (sem hluta af upplýsingum sem félagið birtir árlega um skipulag og stjórnunarhætti sína) fullnægjandi upplýsingar um innra skipulag sitt og málsmeðferð sem beitt er, þ.m.t. vísendingar um að hve miklu leyti sjálfsmat stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) hafi haft í för með sér breytingar sem máli skipta.

9.2. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal sjá til þess að hluthöfum sé tilkynnt á viðeigandi hátt um málefni félagsins, stefnumótandi nálgun þess, áhættustjórnun og hagsmunaárekstra. Hlutverk stjórnarmanna, að því er varðar samskipti og tengsl við hluthafa, skal vera vel skilgreint.

félagsins. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal árlega meta hvort stjórnarmenn þurfi að uppfæra færni sína og þekkingu á einhverju sviði.

11.4. Þegar stjórnarmaður er tilnefndur í stjórn (eftirlitsstjórn) skal upplýsa um þá sérstöku hæfni, sem hann býr yfir, og skiptir máli fyrir setu hans í stjórninni (eftirlitsstjórninni). Til að markaðurinn og hið opinbera geti metið hvort stjórnarmenn búi áfram yfir viðunandi hæfni eftir því sem tímar líða skal stjórnin (eftirlitsstjórnin) birta árlega lýsingu á samsetningu stjórnarinnar og upplýsingar um tiltekna hæfni einstakra stjórnarmanna sem skiptir máli fyrir setu þeirra í stjórninni (eftirlitsstjórninni).

III. ÞÁTTUR

LÝSING Á STJÓRNARMÖNNUM, SEM ERU EKKI FRAMKVÆMDASTJÓRAR, EÐA EFTIRLITSSTJÓRNARMÖNNUM

10. Tilnefning og uppsögn

Stjórnarmenn, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmenn skulu tilnefndir til tiltekins tímabils í senn með möguleika á endurtilnefningu þar sem hámarks lengd tímabilsins er ákveðin í viðkomandi landi, bæði til að tryggja að viðkomandi stjórnarmaður geti öðlast nauðsynlega reynslu og að endurtilnefningar í stöður stjórnarmanna séu nægilega tíðar. Einnig skal vera unnt að segja þeim upp en ekki skal vera auðveldara að segja þeim upp en framkvæmdastjórum eða stjórnarmönnum sem eru framkvæmdastjórar.

11. Menntun og hæfi

11.1. Til að viðhalda réttu jafnvægi að því er varðar menntun og hæfi þeirra sem sitja í stjórn (eftirlitsstjórn) skulu stjórnirnar ákvarða æskilega samsetningu að því er varðar skipulag og starfsemi félagsins og meta hana með reglulegu millibili. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) skal sjá til þess að í henni sitji stjórnarmenn sem samanlagt búa yfir fjölbreytilegri þekkingu, dómgreind og reynslu, sem þörf er á, til að sinna verkefnum sínum á viðunandi hátt.

11.2. Nefndarmenn í endurskoðunarnefndinni skulu samanlagt búa yfir nýlegum og viðeigandi grunnupplýsingum og reynslu af fjármálum og reikningsskilum markaðsskráðra félaga sem hæfa starfsemi viðkomandi félags.

11.3. Öllum nýjum stjórnarmönnum í stjórn (eftirlitsstjórn) skal boðið upp á einstaklingsmiðaða kynningaráætlun þar sem fjallað er um, að því marki sem nauðsynlegt er, skyldustörf þeirra ásamt skipulagi og starfsemi

12. Skuldbinding

12.1. Hver stjórnarmaður skal verja nauðsynlegum tíma og athygli í skyldustörf sín og leitast við að takmarka fjölda annarra faglegra skuldbindinga sinna (sérstaklega setu í stjórn annarra félaga) að því marki að tryggt sé að hann ræki skyldustörf sín á viðunandi hátt.

12.2. Þegar stjórnarmaður er tilnefndur skal gefa upplýsingar um aðrar faglegar skuldbindingar hans sem máli skipta. Stjórninni skal tilkynnt um allar síðari breytingar. Stjórnin skal ár hvert safna gögnum um slíkar skuldbindingar og birta upplýsingar um það í ársskýrslu sinni.

13. Óhæði

13.1. Stjórnarmaður skal einungis teljast óháður ef hann tengist ekki félaginu, ráðandi hluthöfum eða framkvæmdastjórn þess, í gegnum viðskipti, fjölskyldu eða á annan hátt, sem gæti valdið hagsmunaárekstrum og haft áhrif á dómgreind hans.

13.2. Samþykkja skal, í viðkomandi löndum, nokkrar viðmiðanir til að meta óhæði stjórnarmanna að teknu tilliti til leiðbeininganna í II. viðauka þar sem tilgreindar eru aðstæður sem endurspegla tengsl eða kringumstæður sem kunna að valda hagsmunaárekstrum sem máli skipta. Það er stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) að ákveða hvaða skilning eigi að leggja í óhæði. Stjórnin (eftirlitsstjórnin) getur þannig ákveðið að ekki sé unnt að líta svo á að tiltekinn stjórnarmaður sé óháður, jafnvel þótt hann uppfylli allar viðmiðanir, sem mælt er fyrir um í viðkomandi löndum um mat á óhæði stjórnarmanna, vegna sérstakra aðstæðna sem snerta viðkomandi einstakling eða félagið og hið gagnstæða gildir einnig.

13.3. Ef stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur komist að þeirri niðurstöðu að líta megi á tiltekinn stjórnarmann sem óháðan skal birta viðeigandi upplýsingar þar að lútandi.

13.3.1. Þegar tilnefndur er stjórnarmaður, sem ekki er framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmaður í stjórn eða eftirlitsstjórn skal félagið upplýsa hvort það telji að hann sé óháður. Ef ein eða fleiri viðmiðanir við mat á óhæði stjórnarmanna, sem mælt er fyrir um í viðkomandi landi, eru ekki uppfylltar skal félagið upplýsa hvers vegna það sé álitíð, engu að síður, að stjórnarmaðurinn sé óháður. Félög skulu einnig upplýsa árlega hvaða stjórnarmenn eru taldir vera óháðir.

13.3.2. Ef ein eða fleiri viðmiðanir við mat á óhæði stjórnarmanna, sem mælt er fyrir um í viðkomandi landi, hafa ekki verið uppfylltar skal félagið upplýsa hvers vegna það telji engu að síður að viðkomandi stjórnarmaður sé óháður. Til að tryggja að upplýsingarnar um óhæði stjórnarmanna séu nákvæmar, skal félagið krefjast þess af óháðum stjórnarmönnum að þeir láti staðfesta óhæði sitt með reglulegu millibili.

IV. ÞÁTTUR LOKAÁKVÆÐI

14. Eftirfylgni

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að beitingu meginreglnanna í þessum tilmælum fyrir 30. júní 2006 og skulu þau tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanir, sem eru teknar í samræmi við þessi tilmæli, þannig að framkvæmdastjórnin geti fylgst náið með stöðunni og metið, á þeim grundvelli, hvort frekari ráðstafana er þörf.

15. Viðtakendur

Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

Framkvæmdastjóri.

Í eftirfarandi viðaukum eru veittar frekari leiðbeiningar um túlkun grundvallarreglnanna í tilmælunum.

I. VIÐAUKI

Stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir)

1. SAMEIGINLEG EINKENNI

1.1. *Stærð*

Þegar nefndum er komið á fót innan stjórnar (eftirlitsstjórnar) skulu þær a.m.k. vera skipaðar þremur stjórnarmönnum. Í félögum með fámönnum stjórnnum (eftirlitsstjórnnum) mega þær í undantekningartilvikum vera skipaðar einungis tveimur stjórnarmönnum.

1.2. *Samsetning*

Formaður og nefndarmenn skulu valdir með tilhlýðilegu tilliti til þeirrar nauðsynjar að endurnýja þurfi í nefndinni og að nefndin reiði sig ekki um of á tiltekna einstaklinga.

1.3. *Skipunarbréf*

Lýsa skal nákvæmlega umboði hvorrar nefndar, sem komið hefur verið á fót, í skipunarbréfi sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur samið.

1.4. *Fyrirliggjandi úrræði*

Félög skulu sjá til þess að nefndirnar hafi nægileg úrræði til að geta sinnt skyldustörfum sínum, sem felur í sér rétt til að fá í hendur, einkum frá starfsmönnum félagsins, allar nauðsynlegar upplýsingar eða að leita ráða hjá óháðum sérfræðingum um málefni sem falla undir verksvið þeirra.

1.5. *Fundarseta*

Með það í huga að tryggja sjálfræði og hlutlægni nefndanna skulu stjórnarmenn, að undanskildum nefndarmönnum, að öllu jöfnu aðeins hafa rétt til að sitja fundi í boði nefndarinnar. Nefndin getur boðið tilteknum starfsmönnum eða sérfræðingum að sitja fundinn eða krafist þess að þeir geri það.

1.6. *Gagnsæi*

1. Nefndirnar skulu annast skyldustörf sín samkvæmt skipunarbréfinu og gefa stjórninni (eftirlitsstjórninni) reglulega skýrslu um starfsemi sína og árangur.
2. Birta skal opinberlega, a.m.k. einu sinni á ári (sem hluta af upplýsingum sem félagið birtir árlega um skipulag og stjórnunarhætti sína), skipunarbréf hvorrar nefndar, sem komið hefur verið á fót, þar sem útskýrt er hlutverk og heimildir sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur falið henni þar sem það er leyfilegt samkvæmt landslögum. Félag skulu einnig birta árlega yfirlýsingu frá þeim nefndum, sem fyrir eru, um nefndarmenn, fjölda funda og fundarsetu yfir árið ásamt meginstarfsemi þeirra. Endurskoðunarnefndin skal einkum staðfesta að hún samþykki óháði endurskoðunarferlisins og lýsa stuttlega hvemig hún hafi komist að þessari niðurstöðu.
3. Formaður hvorrar nefndar skal geta haft bein samskipti við hluthafana. Útskýra skal í skipunarbréfi nefndarinnar hvemig slík bein samskipti eiga að fara fram.

2. TILNEFNINGARNEFNDIN

2.1. *Skipun og samsetning*

1. Ef stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur, samkvæmt landslögum, hlutverki að gegna við tilnefningu og/eda uppsögn stjórnarmanna, annaðhvort með því að taka ákvörðun eða leggja fram tilmæli þar að lútandi, skal tilnefninganefnd komið á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar).
2. A.m.k. meiri hluti nefndarmanna tilnefninganefndarinnar skal vera skipaður óháðum stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórnar, eða eftirlitsstjórnarmenn. Ef félag telur viðeigandi að í tilnefninganefnd sé minnihluti stjórnarmanna ekki óháður getur framkvæmdastjóri setið í slíkri nefnd.

2.2. *Hlutverk*

1. Tilnefningarnefndin skal a.m.k.:

- tilgreina aðila í lausar stöður stjórnarmanna þegar þær losna og mæla með þeim við stjórnina (eftirlitsstjórnina) til samþykktar. Tilnefningarnefndin skal í því sambandi meta jafnvægi milli samsetningar, hæfni, þekkingar og reynslu sem nefndin býr yfir, taka saman lýsingu á þeim verkefnum og getu, sem krafist er fyrir tiltekna stöðu, ásamt því að meta hve lengi sú skuldbinding muni taka,
- meta, með reglulegu millibili, skipulag, stærð, samsetningu og árangur einþættrar eða tvíþættrar stjórnar og beina tilmælum til stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) sem snerta hvers konar breytingar,
- meta, með reglulegu millibili, hæfni, þekkingu og reynslu einstakra stjórnarmanna og gefa stjórninni (eftirlitsstjórninni) skýrslu þar að lútandi,
- huga á viðeigandi hátt að því hver skuli vera eftirmaður stjórnarmanns.

2. Þar að auki skal tilnefningarnefndin endurskoða stefnu stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) á vali og tilnefningu yfirstjórnar.

2.3. *Rekstur*

1. Tilnefningarnefndin skal taka tillit til tillagna hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. stjórnin og hluthafar⁽¹⁾. Einkum skal ráðfæra sig við aðalframkvæmdastjórnann og skal hann eiga rétt á að leggja tillögur fyrir tilnefninganefndina, einkum þegar fengist er við málefni sem snerta framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn, sem eru framkvæmdastjórar, eða yfirstjórn.
2. Tilnefningarnefndin skal við störf sín geta nýtt sér hvers kyns úrræði, sem hún telur við eiga, þ.m.t. utan- aðkomandi ráð eða auglýsingar, og skal hún fá viðeigandi fjárstyrk frá félaginu í því skyni.

3. STARFSKJARANEFND

3.1. *Skipun og samsetning*

1. Ef stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur, samkvæmt landslögum, áhrif á starfskjör stjórnarmanna, annaðhvort með því að taka ákvörðun eða leggja fram tilmæli þar að lútandi, skal koma tilnefninganefnd á fót innan stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar).
2. Starfskjaranefndin skal eingöngu skipuð stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmönnum. Meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður.

3.2. *Hlutverk*

1. Að því er varðar framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn, sem eru framkvæmdastjórar, skal nefndin a.m.k.:

- leggja tillögur fyrir stjórnina (eftirlitsstjórnina) um starfskjör framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna sem eru framkvæmdastjórar. Í slíkri stefnumótun skal taka til hvers konar starfskjara, þ.m.t. föst starfskjör, árangurstengd kerfi um starfskjör, eftirlaunafyrirkomulag og starfslokagreiðslur. Tillögum, sem varða árangurstengd kerfi um starfskjör, skulu fylgja tilmæli um markmið og matsviðmiðanir í því skyni að samræma starfskjör framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna, sem eru framkvæmdastjórar, langtímahagsmunum hluthafa og markmiðum sem stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur sett félaginu.

⁽¹⁾ Þegar hluthafar leggja tillögur fyrir tilnefninganefndina til athugunar og nefndin ákveður að mæla ekki með þessum umsækjendum við stjórnina (eftirlitsstjórnina) skal það ekki hindra hluthafana í að mæla milliliðalaust með þessum umsækjendum á almennum fundi þegar þeir eiga rétt á, samkvæmt landslögum, að leggja fram drög að ályktunum í þessu skyni.

- leggja tillögur fyrir stjórnina (eftirlitsstjórnina) um starfskjör einstakra framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna, sem eru framkvæmdastjórar, til að tryggja að þau séu í samræmi við starfskjarastefnu, sem félagið hefur samþykkt, og árangursmat hlutaðeigandi stjórnarmanna. Nefndin skal í því sambandi fá fullnægjandi upplýsingar um heildargreiðslur sem stjórnarmenn hafa fengið frá öðrum félögum innan samstæðunnar.
 - leggja tillögur fyrir stjórnina (eftirlitsstjórnina) um hentug sammingsform fyrir framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn sem eru framkvæmdastjórar,
 - aðstoða stjórnina (eftirlitsstjórnina) við eftirlit með því hvort félagið uppfylli gildandi ákvæði um að birta þætti sem tengjast starfskjörum (einkum starfskjarastefnu félagsins og starfskjörum einstakra stjórnarmanna).
2. Að því er varðar yfirstjórn (eins og stjórnin (eftirlitsstjórnin) skilgreinir hana) skal nefndin a.m.k.:
- leggja almennar tillögur fyrir framkvæmdastjóra eða stjórnarmenn, sem eru framkvæmdastjórar, um launastig og skipulag starfskjara yfirstjórnar,
 - hafa eftirlit með umfangi og skipulagi starfskjara yfirstjórnar á grundvelli fullnægjandi upplýsinga frá framkvæmdastjórum eða stjórnarmönnum sem eru framkvæmdastjórar.
3. Að því er varðar kaup- og sölurétt hlutabréfa og hluttengdar ívilnanir, sem veita má stjórnarmönnum, stjórnendum eða öðrum starfsmönnum skal nefndin a.m.k.:
- ræða almenn stefnumið sem gilda um veitingu slíkra kerfa, einkum kaup- og sölurétt hlutabréfa og leggja tillögur þar að lútandi fyrir yfirstjórnina,
 - endurskoða upplýsingar, sem eru settar fram um þetta málefni, í ársskýrslunni og á hluthafafundi ef við á,
 - leggja tillögur fyrir stjórnina (eftirlitsstjórnina) um val á milli áskriftarréttar/kaupréttar á hlutum þar sem tilgreindar eru ástæður fyrir valinu og afleiðingar þess.

3.3. *Rekstur*

1. Starfskjaranefndin skal a.m.k. ráðfæra sig við formanninn og/eða aðalframkvæmdastjórnann um starfskjör annarra framkvæmdastjóra eða stjórnarmanna sem eru framkvæmdastjórar.
2. Starfskjaranefndin skal eiga kost á að leita ráðgjafar í því skyni að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um reglur sem gilda um starfskjarakerfi á markaðnum. Nefndin skal sjá um að ákveða valforsendur, velja, tilnefna og ákvarða verkswið ráðgjafa um starfskjör, sem eru nefndinni til ráðgjafar, og skal hún fá viðeigandi fjármagn frá félaginu í því skyni.

4. ENDURSKOÐUNARNEFNDIN

4.1. *Samsetning*

Endurskoðunarnefndin skal eingöngu skipuð stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmönnum. Meiri hluti stjórnarmanna skal vera óháður.

4.2. *Hlutverk*

1. Að því er varðar innri stefnumótun og málsmeðferð félagsins skal endurskoðunarnefndin a.m.k. aðstoða stjórnina (eftirlitsstjórnina) við:

- að fylgjast með heilleika fjármálaupplýsinga, sem félagið lætur í té, einkum með því að athuga hvort reikningsskilaaðferðir sem félagið og samstæðan, sem það er hluti af, notar séu viðeigandi og samræmdar (þ.m.t. viðmiðanir fyrir samstæðureikningsskil félaga í samstæðunni),
- að fylgjast a.m.k. árlega með kerfi innra eftirlits- og áhættustjórnunar í því skyni að greina, stýra og lýsa mikilvægustu áhættunum á viðunandi hátt (þ.m.t. áhætta sem tengist því að gildandi löggjöf og reglur séu uppfylltar),
- að tryggja að innri endurskoðun sé skilvirk, einkum með því að setja fram tillögur um val, tilnefningu, nýja skipan eða uppsögn deildarstjóra innri endurskoðunardeildarinnar og fjárhag deildarinnar og með því að hafa eftirlit með viðbrögðum stjórnarinnar við niðurstöðum og tillögum endurskoðunardeildarinnar. Ef innri endurskoðun fer ekki fram innan félagsins skal endurskoða árlega hvort þörf sé á henni.

2. Að því er varðar utanaðkomandi endurskoðanda, sem félagið ræður til starfa, skal endurskoðunarnefndin a.m.k.:

- beina tilmælum til stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) um það hvernig þar til bær aðili samkvæmt félagarétti skuli velja, tilnefna, skipa á ný og segja upp utanaðkomandi endurskoðanda ásamt ráðningarskilmálum og -skilyrðum.
- hafa eftirlit með óhæði og hlutlægni utanaðkomandi endurskoðanda, einkum með því að hafa eftirlit með því að endurskoðunarfyrirtækið fylgi gildandi leiðbeiningum um að skipt sé um meðendurskoðendur, um fjárhæð þóknana sem félagið innir af hendi ásamt öðrum tengdum ákvæðum laga og reglna,
- hafa eftirlit með því hvers eðlis og hvert er umfang annarrar þjónustu en endurskoðunar, byggt m.a. á lýsingu utanaðkomandi endurskoðanda á þóknunum, sem félagið og samstæðan greiðir endurskoðunarfyrirtæki og fyrir netkerfi þess, í því skyni að koma í veg fyrir hvers konar hagsmunaaðreksa sem máli skipta. Nefndin skal ákveða og fylgja formlegri stefnu þar sem tilgreindar eru, í samræmi við meginreglur og leiðbeiningar sem kveðið er á um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2002/590/EC ⁽¹⁾, tegundir annarrar þjónustu en endurskoðunar sem eru a) undanskildar, b) leyfðar að lokinni endurskoðun nefndarinnar og c) leyfðar án þess að það sé lagt fyrir nefndina,
- að hafa eftirlit með skilvirkni utanaðkomandi endurskoðunarferlis og viðbrögðum stjórnarinnar við tillögum sem koma fram í skýrslu utanaðkomandi endurskoðanda til stjórnarinnar,
- að skoða aðstæður sem leiða til uppsagnar utanaðkomandi endurskoðanda og koma með tillögur um hvers konar aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til.

4.3. *Rekstur*

1. Félagið skal bjóða nýjum nefndarmönnum í endurskoðunarnefndinni upp á kynningarátætlun og henni skal síðan fylgt eftir með óslitinni þjálfun eftir því sem aðstæður krefjast. Einkum skal veita öllum nefndarmönnum nákvæmar upplýsingar um reikningsskil félagsins ásamt fjárhagslegum- og rekstrarlegum þáttum.

⁽¹⁾ Stjórn. EBL 191, 19.7.2002, bls. 22.

2. Stjórnin skal tilkynna endurskoðunarnefndinni um þær aðferðir, sem eru notaðar til að útskýra mikilvæg og óvenjuleg viðskipti, þar sem reikningshaldsleg meðferð getur byggst á mismunandi aðferðum. Leggja skal sérstaka áherslu á að afla upplýsinga um og rökstuðnings við hvers kyns aðgerðir, sem félagið gripur til, í aflandsmiðstöðvum eða með aðstoð félags með sérstakan tilgang.
3. Endurskoðunarnefndin skal ákveða hvort aðalframkvæmdastjóri eða formaður stjórnar, fjármálastjóri (eða háttsettir starfsmenn sem eru ábyrgir fyrir fjármálum, reikningsskilum og sjóðsmálum) ásamt innri og utanaðkomandi endurskoðanda eigi að sitja fundi nefndarinnar og ef svo er hvenær. Óski nefndin eftir því skal hún eiga rétt á að hitta hvaða einstakling sem er án þess að framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn, sem eru framkvæmdastjórar, séu viðstaddir.
4. Innri og utanaðkomandi endurskoðendur skulu til viðbótar við að halda góðu samstarfi við framkvæmdastjórnina eiga greiðan aðgang að stjórninni (eftirlitsstjórninni). Í þessu skyni skal endurskoðunarnefndin vera aðaltengiliður milli innri og utanaðkomandi endurskoðenda.
5. Endurskoðunarnefndinni skal tilkynnt um starfsáætlun innri endurskoðanda og fá afhentar skýrslur um innri endurskoðun eða samantekt með reglulegu millibili.
6. Endurskoðunarnefndinni skal tilkynnt um starfsáætlun utanaðkomandi endurskoðanda og skal endurskoðandinn leggja skýrslu fyrir nefndina þar sem lýst er öllum tengslum milli óháðs endurskoðanda og félagsins og samstæðunni sem það er hluti af. Nefndin skal tímanlega fá upplýsingar um öll mál sem koma upp hjá endurskoðandanum.
7. Endurskoðunarnefndinni skal frjálst að leita ráða og aðstoðar frá utanaðkomandi laga- og reikningshaldsráðgjafa eða öðrum ráðgjöfum eins og hún telur nauðsynlegt til að sinna skyldustörfum sínum og skal hún fá hæfilegan fjárstyrk frá félaginu í því skyni.
8. Endurskoðunarnefndin skal hafa eftirlit með því hvernig félagið uppfyllir gildandi ákvæði um möguleika starfsmanna á að tilkynna grun um verulega óreiðu í félaginu með því að leggja fram kvörtun eða nafnlausu ábendingu, að öllu jöfnu fyrir óháðan stjórnarmann, og skal hún tryggja að til staðar sé fyrirkomulag fyrir viðunandi og óháða rannsókn slíkra mála og viðunandi aðgerð til eftirfylgni.
9. Endurskoðunarnefndin skal gefa stjórninni (eftirlitsstjórninni) skýrslu um starfsemi sína, a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti í tengslum við samþykkt á ársuppgjöri eða hálfársuppgjöri.

II. VIÐAUKI

Lýsing á óháðum stjórnarmönnum, sem eru ekki framkvæmdastjórar, eða eftirlitsstjórnarmönnum

1. Ekki er unnt að setja saman tæmandi skrá yfir öll þau tilvik sem geta komið upp þar sem óháði stjórnarmanna er ógnað, þar sem tengsl og aðstæður, sem geta skipt máli við ákvörðun þeirra, geta verið mismunandi frá einu aðildarríki og félagi til annars og bestu starfsvenjur geta þróast í þessu tilliti með tímanum. Viðurkennt er að ýmis konar aðstæður skipti máli við að aðstoða stjórnina (eftirlitsstjórnina) við að ákveða hvort telja eigi stjórnarmann, sem er ekki framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmann óháðan jafnvel þótt almennt sé talið að mat á óháði tiltekins stjórnarmanns eigi frekar að byggjast á efni en formi. Í þessu samhengi skal stjórnin (eftirlitsstjórnin) ákveða nokkrar viðmiðanir í viðkomandi löndum. Við ákvörðun slíkra viðmiðana, sem skulu sérsníðnar að innlendum aðstæðum, skal taka tilhlýðilegt tillit til a.m.k. eftirfarandi aðstæðna:
 - a) viðkomandi má ekki hafa verið framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, sem er framkvæmdastjóri, félags eða hlutdeildarfélags og ekki hafa verið í slíkri stöðu síðustu fimm árin,
 - b) viðkomandi má ekki vera starfsmaður félags eða hlutdeildarfélags og má ekki hafa verið í slíkri stöðu síðustu þrjú árin nema þegar stjórnarmaður, sem er ekki framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmaður er ekki í yfirstjórn og hefur verið kosinn í stjórnina (eftirlitsstjórnina) í tengslum við samráðskerfi fyrir starfsmenn sem er samþykkt í lögum og þar sem tryggð er fullnægjandi vernd gegn óréttmætum brottrekstri og annars konar ósanngjarnri meðferð,
 - c) viðkomandi má ekki fá greidd eða hafa fengið greidd viðbótarstarfskjör frá félaginu eða hlutdeildarfélaginu að undanskilinni þóknun sem hann fær greidda sem stjórnarmaður, sem er ekki framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmaður. Til slíkra viðbótarstarfskjara telst einkum hvers konar hlutdeild í kauprétti eða árangurstengdu greiðsluferfi. Viðtaka fastagreiðslna samkvæmt eftirlaunakerfi (þ.m.t. frestaðar bætur) fyrir fyrri störf hjá félaginu telst ekki til þeirra (að því tilskildu að slíkar greiðslur séu ekki á neinn hátt háðar áframhaldandi þjónustu),
 - d) viðkomandi má ekki vera ráðandi hluthafi eða fulltrúi fyrir hann (ráðandi er skilgreint á grundvelli 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EEC ⁽¹⁾);
 - e) viðkomandi má ekki hafa eða hafa haft, á síðasta ári, veruleg viðskiptatengsl við félagið eða við hlutdeildarfélag, hvorki beint né sem samstarfsaðili, hluthafi, stjórnarmaður eða háttsettur starfsmaður stofnunar sem hefur haft slík tengsl. Hugtakið viðskiptatengsl felur í sér stöðu mikilvægs einstaklings sem býður vöru eða þjónustu (þ.m.t. fjármálaþjónusta, lagaleg þjónusta og ráðgjafarþjónusta), mikilvægs viðskiptavinar og stofnana sem fá umtalsverðar greiðslur frá félaginu eða samstæðunni sem það er hluti af,
 - f) viðkomandi má ekki vera, eða hafa verið síðustu þrjú árin, samstarfsaðili eða starfsmaður núverandi eða fyrrverandi utanaðkomandi endurskoðanda félags eða hlutdeildarfélags,
 - g) viðkomandi má ekki vera framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður, sem er framkvæmdastjóri, í öðru félagi þar sem framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður sem er framkvæmdastjóri, er stjórnarmaður sem er ekki framkvæmdastjóri eða eftirlitsstjórnarmaður og ekki hafa önnur þýðingamikil tengsl við stjórn félagsins í gegnum þátttöku í öðrum félögum eða stofnunum,
 - h) viðkomandi má ekki hafa átt sæti í stjórn (eftirlitsstjórn) sem stjórnarmaður, sem er ekki framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmaður í meira en þrjú tímabil (eða að öðrum kosti í meira en 12 ár þar sem í landslögum er kveðið á um mjög stutt tímabil),
 - i) viðkomandi má ekki vera náinn aðstandandi framkvæmdastjóra eða stjórnarmanns, sem er framkvæmdastjóri, eða þeirra sem eru í stöðum sem um getur í a- til h-lið,
2. Óháður stjórnarmaður skuldbindur sig a) til að viðhalda óháði sínu að því er varðar greiningu, ákvarðanatöku og aðgerðir við allar aðstæður, b) til að sækjast ekki eftir eða taka á móti óeðlilegum ávinningi sem gæti stofnað óháði hans í hættu c) til að láta álit sitt greinilega í ljós ef hann telur að ákvörðun stjórnarinnar (eftirlitsstjórnarinnar) geti skaðað félagið. Þegar stjórnin (eftirlitsstjórnin) hefur tekið ákvarðanir sem óháður stjórnarmaður, sem er ekki framkvæmdastjóri, eða eftirlitsstjórnarmaður setur mikla fyrirvara við skal hann draga viðeigandi ályktanir af því. Ef hann segir starfi sínu lausu skal hann skýra frá ástæðum þess í bréfi til stjórnarinnar eða endurskoðunarnefndarinnar og, ef við á, til hvers konar viðeigandi stofnana utan félagsins.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjórn. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).